

Hugleiðing í tilefni af Evrópuþegi sjúkraliða þann 26. nóvember s.l.

Hver er mín upplifun af starfinu mínu?!

Mig minnir að ég hafi verið um 18-19 ára þegar ég ákvað að ég vildi vinna í heilbrigðisgeiranum, byrjaði að leysa af sem ófaglærð starfsstúlka sumrin 1978 og 1979 og síðan lá leiðin í Fjölbrautaskólann á Akranesi þar sem ég tók allt mitt bóklega nám og vann síðan verknámið mitt allt á Sjúkrahúsi Akraness og útskrifaðist síðan sem sjúkraliði í mars 1982.

Minn starfsvettvangur hefur lengst af verið við umönnun aldraðra, en ég hef líka komið við á alls kyns öðrum deildum.

Um tíma tók ég mér pásu frá sjúkraliðastarfinu og fór yfir á allt annan vettvang og var þá í dagvinnu, en spítalavinnan togaði í mig og þrátt fyrir að vaktavinnan hafi sína galla (næturvaktir og vinna á hátíðum og tyllidögum) þá hentar hún mér betur. Og mér finnst eiginlega bara notalegt til þess að hugsa að þó það sé vissulega yndislegt að vera heima hjá sínu fólki á stórhátíðum, þá er það líka gott að hugsa til þess að vera í vinnu á þessum dögum og geta létt þeim lífið sem þurfa að liggja á sjúkrahúsi á þessum stundum. En ég hóf a

ftur st

örf í heilbrigðisgeiranum þegar ég flutti hingað til Vestmannaeyja í janúar 2004, byrjaði að vinna á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja og hér er ég enn og hér líður mér vel.

Hér á HSV er gott að vinna. Maður eiginlega kynnist allri heilbrigðisstarfsflórinni; nýfæddum börnum og mæðrum þeirra, sjúklingum að jafna sig eftir aðgerðir og veikindi, annast um aldraða og einnig að annast um einstaklinga við lífslok.

Sem dæmi má nefna; nýfæddu börnin. Það er alveg dásamlegt þegar þessi litlu kraftaverk koma í heiminn og dveljast á deildinni hjá okkur um lengri eða skemmri tíma ásamt mæðrum sínum. Stundum hagar því þannig til að mömmurnar þurfa hvíld yfir nóttina og fáum við þá að taka litlu krílin fram á vakt til okkar og gæta þeirra einhvern part næturinnar. Það er svo yndislegt og gefandi að fá að passa þessa litlu anga og annast um þá.

Og annað dæmi; það er annasöm morgunvakt, margir sjúklingar inniliggjandi, einhverjir útskrifast heim, nokkrir eru lagðir inn og mikill erill myndast. Maður er ef til vill farinn að verða svolítið lúinn og er að aðstoða sjúkling við athafnir daglegs lífs, sem hann er ekki fær um sjálfur. Og þessi einstaklingur er svo þakklátur fyrir veitta aðstoð að manni er gefin stroka á vanga og hlý orð látin falla. Þetta verður alveg til þess að öll þreyta og stress fýkur út í veður og vind og hlýjir straumar fara um hjartað í manni.

Svo er eitt dæmi enn sem mig langar að nefna; það er órjúfanlegur hluti af starfi sjúkraliða að annast um einstaklinga við lífslok og síðan kveður viðkomandi þennan heim. Aðstandendur safnast saman á deildinni til að kveðja ástvin sinn og við tökum á móti fólkinu og vottum þeim samúð okkar. Þá er það iðulega þannig að við erum teknar og faðmaðar hlýtt og innilega og okkur hrósað með yndislegum hlýjum orðum. Þetta yljur okkur þvilíkt um hjartaræturnar og lyftir okkur upp í hæstu hæðir og fær okkur til að segja; mikið óskaplega þykir mér vænt um starfið mitt!

Mig langar til að segja við ykkur unga fólk þarna úti, sem eruð að velta fyrir ykkur hvað ykkur langar að verða: Spáið í sjúkraliðanámið!

Þetta er fjölbreytt og gefandi starf, vissulega getur það verið andlega og líkamlega krefjandi, en er svo ríkulega gefandi og veitir manni svo magnaða og góða lífsreynslu. Ef ég væri aftur orðin 18-19 ára og væri að velta fyrir mér hvað ég vildi verða, þá myndi ég pottþétt velja sjúkraliðanámið!

Ég er sjúkraliði og er stolt af því!

Ásdís Emilía Björgvinsdóttir

Sjúkraliði við Heilbrigðisstofnunina Vestmannaeyjum